

# Eystrahorn

12. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 25. mars 2021

www.eystrahorn.is

## Söguhátíð Grunnskóla Hornafjarðar



Hilmar Freyr, Þuro Stefan, Dawid Josef, Jakob Jóel og Jóhann Frans höfundar smásögunnar Töfraland.

Sökum ástandsins í þjóðfélaginu gátum við í Grunnskóla Hornafjarðar ekki haldið okkar árlegu árshátíð og því ákváðum við kennarar í 4., 5. og 6. bekk að blanda bekkjunum okkar saman og bjóða upp á skemmtilegar smiðjur sem við kölluðum Söguhátíð. Smiðjurnar fólust í því að börnin gátu valið á milli leikritagerðar, smásögugerðar, stuttmyndagerðar, myndasögugerðar og smiðju þar sem þau sömdu lag og texta. Hugmyndirnar af verkefnum fundum við inni á krakkaruv.is og ákváðum við að gera mikið úr þessu verkefni okkar og senda handrit barnanna á krakkaruv.is sem stóð fyrir samkeppni um bestu handritin og er skemmst fá því að segja að tvö verkefni frá okkur hlutu viðurkenningu. Handrit stuttmyndarinnar Hvít spor eftir þá Ara Jökul, Kristinn Loga, Sigurð Arnar og Þór í 4. S vann í flokki stuttmynda og fengu drengirnir að fara til Reykjavíkur í lok febrúar til að fylgjast með tókum á stuttmynd eftir handritinu þeirra og verður stuttmyndin sýnd á krakkarúv.




Þór, Ari Jökull, Kristinn Logi og Sigurður Arnar unnu í flokki stuttmynda með handrit sitt Hvít spor

Þann 5. júní fara drengirnir svo aftur til Reykjavíkur og taka á móti verðlaunum fyrir besta stuttmyndahandritið í beinni útsendingu á Rúv. Það er því um að gera að fylgjast vel með sjónvarpinu næstu vikur.

Að auki var sagan Töfraland eftir þá Dawid Josef, Þuro Stefan, Hilmar Frey, Jakob Jóel og Jóhann Frans í 6.H ein af 20 sögum sem var tilnefnd til verðlauna sem veitt verða á verðlaunahátíðinni 5. júní næstkomandi. Sagan er ein af 20 sögum sem munu birtast í Risastórum smásögum 2021 sem er rafbók og verður gefin út í júní af Menntamálastofnun. Við í Grunnskóla Hornafjarðar erum mjög stolt af velgengni drengjanna okkar og óskum þeim innilega til hamingju.

*Kennarar í 4., 5. og 6. bekk í Grunnskóla Hornafjarðar.*



**Margt fallett og nytsamlegt fyrir fermingarbarnið**  
Rúm, rúmgaflar, náttborð, rúmföt, lampar, vekjaraklukkur, útvörp  
speglar ofl í herbergið  
Útivist: tjald, svefnpoki, bakpoki og fl.  
**Opið virka daga frá kl. 13:00-18:00**  
**Símar: 478-2535 / 898-3664**

**Athugið að næsta tölublað kemur út miðvikudaginn 31. mars**



## HAFNARKIRKJA

### Sunnudagaskóli

### sunnudaginn 28.mars

### kl. 11

Söngur, biblíusaga og allir fá myndir til að lita Verið hjartanlega velkomin

Prestarnir

*Munum sóttvarnarreglurnar*

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS

## ELDRI HORNFIÐINGA



### AÐALFUNDUR FÉLAGS ELDRI

### HORNFIÐINGA

Verður haldinn í Ekru **fimmtudaginn 8. apríl kl. 17:00.**

Nánar auglýst í næsta blaði, í Ekru og á fésbókinni.

Hvítasunnukirkjan  
**Lifandi vatn**  
- Lifandi kirkja með lifandi orð -

Sunnudaginn 28. mars 2021 kl. 17:00

Algengar spurningar um kristna trú  
Ræðumaður: Ágúst Valgarð Ólafsson

Ágúst er fyrrum forstöðumaður Hvítasunnukirkjunnar á Selfossi og er hann sérstakur áhugamaður um að rökstyðja Kristna trú útfrá heimspeki, sögu og vísindum.

í predikun mun Ágúst gefa kost á spurningum úr sal

**Allir Hjartanlega velkomnir**

**Samkomur sunnudaga**  
Klukkan 17:00

**Bænastundir fimmtudaga**  
Klukkan 19:30

Fylgist með okkur á Facebook  
Hvítasunnukirkjan Lifandi Vatn  
Hafnarbraut 59, 780 Hofn

### Húsnæði óskast

Fjölskylda óskar eftir 4-5 herbergja íbúð eða húsi til leigu sem fyrst. Skilvísunum greiðslum heitið.

**Hafsteinn Ísaksen**

Farsími: 760-3720

[hafsteinn.isaksen@gmail.com](mailto:hafsteinn.isaksen@gmail.com)

### Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

Aðalfundur Ferðafélags Austur Skaftfellinga verður haldinn í Gömlubúð **fimmtudaginn 8. apríl kl. 20.00.**

Venjuleg aðalfundarstörf.

Nýir félagsmenn hvattir til að mæta.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest.

*Stjórnin*



### Golfklúbbur Hornafjarðar

óskar eftir að ráða rekstraraðila fyrir veitingarekstur í golfskála

Allar frekari upplýsingar eru hjá Gesti Halldórssyni formanni GHH í síma 8693853

*Golfklúbbur Hornafjarðar*



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Rítstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: ..... tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson

Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126

### Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu Eystrahorns ?

Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

**Eystrahorn**

## Múrfeðgar

Tökum að okkur fræslingu fyrir gólfhitalagnir



**Fræsling: 5.700 kr. m<sup>2</sup> m/vsk. Rör innifalin.**  
**Flotun: 1.430 kr. m<sup>2</sup> m/vsk. Án efnis.**

**Hafið samband**

**Ingvar S: 863-7745 &**

**Snæbjörn S: 867-2882**



# Álftatalningar í Lóni



Efri mynd: Hópurinn ásamt Kristínu og Birni. Neðri mynd: Nemendur tíndu einnig rusl í ferðinni

Nemendur í auðlinda- og umhverfisfræði fóru í vettvangsferð í Lón þann 17. mars s.l. og var aðal tilgangurinn að telja álftrir við Lónsfjörð. Með í för voru þau Björn Gísli frá Fuglaathugunarstöð Suðausturlands og Kristín frá Náttúrustofunni. Á leiðinni austur var komið við á urðunarstað sveitarfélagsins í Lóni. Þar tók á móti hópnum Anna Ragnarsdóttir Pedersen umhverfisfulltrúi hjá sveitarfélaginu. Hún sagði hópnum frá urðunarmálum og hvernig ganga þarf frá rusli þegar það er urðað. Einnig mikilvægi þess að allir vandi vel flokkun á rusli til að sem minnst þurfi að fara á urðunarstaðinn.

Því næst var ferðinni heitið í fjöruna neðan við Hvalnes en þar er fyrsti talningarstaður í álftatalningum. Þar voru nú engar álftrir en nokkuð var af æðarfugli á lóninu.

Á næsta talningarstað sem er við útsýnispallinn við fjörðinn voru heldur engar álftrir að sjá. Þaðan var svo gengið í áttina að Vík og allt rusl tínt. Mest er af alls kyns plastrusli en einnig drasl sem er greinilega hent út úr bílum. Það er ótrúlegt að fólk sem á leið hjá skuli henda drykkjarumbúðum út um gluggann og þá vöktu tvær notaðar barnableiur ekki síður athygli hópsins.

Það var ekki fyrr en komið var á síðasta talningarstaðinn að álftrir sáust og voru taldir þar 310 fuglar. Í síðustu viku var þar svipaður fjöldi fugla. Ferðin gekk ljómandi vel og ekki spillti gott veður fyrir.



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



HEILSUFÉLAGIÐ  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
villan fyrir alla

## Velferðarsvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir starf við heimafjónustu

Laus er staða í stuðnings og stoðþjónustu við heimafjónustudeild. Starfið felur aðallega í sér aðstoð á heimilum einstaklinga við athafnir daglegs lífs með það að markmiði að efla einstaklinginn til sjálfshjálpar og gera honum kleift að búa heima við ákjósanlegar aðstæður. Um er að ræða 100 % stöðu, viðkomandi starfsmaður þarf að ganga vaktir, morgun – kvöld og bakvaktir.

### Hæfniskröfur:

- Stundvísi, samviskusemi, sveigjanleiki, jákvæðni og frumkvæði í starfi.
- Hreint sakavottorð.
- Bílpróf.
- Íslenskumælandi kemur aðeins til greina.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Jörgína Elínbjörg Jónsdóttir í sínum 470-8019 og 846-6872, einnig á skrifstofutíma að Silfurbraut 2 annari hæð eða með tölvupósti [jorgina@hornafjordur.is](mailto:jorgina@hornafjordur.is). Ráðið er í öll störf óháð kyni.

### Umsóknarfrestur er til 1. apríl 2021.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

PAKKHÚSIÐ  
ÓPÍÐ ALLA DAGA

KL. 12:00-13:30 OG FRÁ KL. 18:00

MATSEÐILLINN ER INNÁ  
[WWW.PAKKHUS.IS](http://WWW.PAKKHUS.IS)

NÝR FISKRETTUR VIKULEGA



SJÁUMST HRESS

# Forvarnir - mikilvægi foreldra

Pegar börn og ungmenni í sveitarfélaginu eru spurð um hvaða fræðslu þau telja sig helst vanta þá hafa þau kallað eftir fræðslu um geðheilsu, um sjálfsefningu, samskipti og kynfræðslu. Þau hafa einnig lagt áherslu á að foreldrar þeirra þurfi að fá sömu fræðslu. Kennarar sinna þessari fræðslu í skólunum en ungmennin hafa kallað eftir annars konar fræðslu til viðbótar þeirri sem þau fá þar. Starfsfólk á skóla-, tómstunda- og félagsmálasviði hefur unnið að því að svara þessum óskum. Fræðslan hefur verið fengin sumpart í formi netfyrirlestra, en einnig hafa fræðsluaðilar komið í heimsóknir til að hitta krakkana. Allir fræðsluaðilar hafa boðið upp á netfyrirlestra fyrir foreldra og hefur tengill verið sendur í tölvupósti til þeirra í gegnum Mentor. Því miður er reynslan sú að afar fáir foreldrar hafa nýtt sér það að horfa á fyrirlestrana á netinu.

Það verður aldrei lögð of mikil áhersla á hlutverk foreldra í forvörnum. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að það sem styrkir góð samskipti, jákvæða sjálfsmynd og vinnur gegn áhættu hegðun hvort sem það er áhorf á klám og ofbeldi eða neysla ávana- og fíkniefna er að eiga í góðu og hlýju sambandi við foreldra sína, að foreldrar hafi gott eftirlit með börnum sínum, séu þeim jákvæður félagsskapur, góðar fyrirmyndir og beiti aga sem samanstendur af jákvæðum væntingum. Hlutverk foreldra er að aðstoða börnin sín við að taka góðar ákvarðanir með því að hlusta,



## HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG Sveitarfélagið Hornafjörður

velliðan fyrir alla

stýðja þau og kenna þeim að veða og meta ólíka kosti.

Fræðslan sem boðið hefur verið upp á í vetur er fyrirlestur Dr. Erlu Björnsdóttur um mikilvægi svefns fyrir andlega og líkamlega heilsu, sjálfstyrkingar- og valdeflingarnámskeið frá fyrirtækinu „Út fyrir kassann“, Sjúk ást, fræðsla í Þrykkjunni en á heimasíðunni [www.sjukast.is](http://www.sjukast.is) eru góðar upplýsingar bæði fyrir börn og foreldra. Dagana 18.-19. mars kom kynfræðingurinn Sigga Dögg Arnardóttir í heimsókn á Höfn. Meginmarkmið heimsóknar hennar var að ræða um skaðsemi kláms. Sífellt yngri börn horfa á klám á netinu og hafa þau sem vinna með börnum skýrt frá því að orðanotkun og samskipti milli kynjanna séu farin að litast af þessu áhorfi og ranghugmyndum um

raunveruleikann. Tekinn var upp fyrirlestur sem ætlaður er foreldrum og geta allir nálgast hann á slóðinni: [https://youtu.be/EsGG\\_nh\\_8s](https://youtu.be/EsGG_nh_8s) Foreldrar eru eindregið hvattir til að horfa á þann fyrirlestur sem í framhaldinu gæti auðveldað samtal við börn og ungmenni um klám og kynlíf almennt.

Í maí n.k. verða aðilar á vegum foreldrahúss með fræðslu um skaðsemi áfengis og vímuefna bæði á líkamlega og andlega heilsu sem og áhrif í nánnum samböndum og samskiptum.

*Heilsueflandi samfélag - Lýðheilsuráð*



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Velferðarsvið Sveitarfélags Hornafjarðar auglýsir eftir forstöðumanni í Stuðnings- og virkniþjónustu

Velferðarsvið Hornafjarðar leitar eftir metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi í starf forstöðumanns yfir Stuðnings- og virkniþjónustu. Forstöðumaður hefur yfirumsjón með stjórnun og rekstri félagslegrar heimaþjónustu, virkni og starfsendurhæfingu. Undanfarin ár hefur mikil þróunarvinna átt sér stað innan félagslegrar heimaþjónustu með samþættingu félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar ásamt velferðartækni. Framundan eru spennandi verkefni við þróun og innleiðingu starfsendurhæfingar- og virkniúræða. Um fullt starf til framtíðar er að ræða og er þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

### Helstu verkefni

- Ábyrgð á stjórnun og rekstri.
- Ábyrgð á uppbyggingu heildstæðrar þjónustu með áherslu á þverfaglega teymisvinnu.
- Ber ábyrgð á starfsmannamálum.
- Ábyrgð á stjórn og eftirliti með faglegu starfi.
- Stýrir matsnefnd vegna umsókna um félagslega heimaþjónustu.
- Regluleg áætlana- og skýrslugerð.
- Kemur að stefnumótun í málefnum fólks með fötlun og aldraðra.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði félags og/eða heilbrigðisvísinda.
- Meistarapróf sem nýtist í starfi er kostur.
- Góð þekking á málaflokkum velferðarþjónustu.
- Reynsla af stjórnun félagsþjónustu og/eða öldrunarþjónustu.
- Reynsla af mannaforráðum og starfsmannastjórnun.
- Reynsla og þekking á endurhæfingu og mikilvægi valdeflingar.
- Framúrskarandi samskiptafærni og leiðtogaþæfni.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, samvisskusemi og frumkvæði í starfi.
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög er varða málaflokka starfseminnar.

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu. Umsóknir skulu sendar á netfangið [erlab@hornafjordur.is](mailto:erlab@hornafjordur.is). Nánari upplýsingar veitir Erla Björg Sigurðardóttir sviðsstjóri velferðarsviðs í síma 470-8000, netfang: [erlab@hornafjordur.is](mailto:erlab@hornafjordur.is). Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

**Umsóknarfrestur er til og með 11.apríl.2021.**





Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
veitðan fyrir alla

## Skólastjóri og starfsfólk við samrekinn leik- og grunnskóla í Örafum

Sveitarfélagið Hornafjörður leitar að kennaramenntuðu starfsfólki í eftirtalin störf í litlum samreknnum leik- og grunnskóla í Hofgarði í Örafum. Örafi liggja undir rótum Vatnajökuls í um eins og hálf klukkustundar akstursfjarlægð frá Höfn þar sem gott samfélag fer ört vaxandi með tilheyrandi þörfum fyrir grunnþjónustu við barnafjölskyldur. Húsnæði er til staðar í næsta nágrenni við skólann.

### Eftirfarandi stöður eru lausar til umsóknar:

- Skólastjóri fyrir samrekinn leik- og grunnskóla.
- Grunnskólakennari í kennslu á yngsta stigi.
- Tvær stöður leikskólakennara/leiðbeinenda með reynslu af starfi með börnum á leikskólastigi.

Almennt skulu starfsmenn vera góðir í samskiptum, sveigjanlegir og viljugir að leysa af og aðstoða við kennslu og umönnun barna á báðum skólastigum.

Skólastjóri skal hafa leyfisbréf kennara og kennslureynsla er skilyrði.

Viðbótarmenntun í stjórnun og/eða á sviði uppeldis- og menntunarfræða er kostur. Þá skal viðkomandi búa yfir frumkvæði, sjálfstæði og góðum skipulagshæfileikum.

### Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2021.

Umsóknir skulu sendar Ragnhildi Jónsdóttur fræðslustjóra á netfangið [ragnhildur@hornafjordur.is](mailto:ragnhildur@hornafjordur.is), hún veitir einnig nánari upplýsingar í síma 470 8000. Brynja Kristjánsdóttir núverandi skólastjóri veitir jafnframt upplýsingar í tölvupósti, [brynjahof@hornafjordur.is](mailto:brynjahof@hornafjordur.is) eða í síma 478-1672. Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu. Umsóknir umsækjenda með leyfisbréf til kennslu og kennslureynslu hafa forgang. Laun eru greidd samkvæmt samningum launanevndar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## Útboð 21400

### Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs Kirkjubæjarklaustri.

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, kynnir opið útboð á uppbyggingu nýrrar Gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs Kirkjubæjarklaustri. Gestastofan mun hýsa fjölbreytta starfsemi þjóðgarðsins. Byggingin er einna hæðar bygging með kjallara undir hluta hennar. Byggingin er hönnuð þannig að hún falli vel að landinu með gönguleiðum upp á þak byggingar og akstursbraut niður að kjallara húss. Húsið er að hluta til einangrað að utan og jarðvegur lagður að því, forsteyptum steypueiningum og glerveggjakerfi. Þak er viðsnúið með ábræddum þakpappa og lagt með torfi. Ganga skal frá húsinu að utan og innan ásamt lóð full búnu til notanda.

Búið er að grafa fyrir húsi, grafa og fylla í bílastæði og setja upp heildargirðingu fyrir verksvæðið, sem var framkvæmt í sérstöku jarðvinnuútboði. Jarðvinna í þessu verki felst í að fylla í sökkla, fylla að húsi, grafa og endurfylla í lagnaskurði undir og meðfram húsi. Verktaki tekur við þessum girðingum, aksturshliði og göngugirðingu, sér um að viðhalda þeim á verk tíma. Byggingarreiturinn er í u.þ.b. tveggja kílómetra fjarlægð frá Kirkjubæjarklaustri. Stærð lóðar er 63.235 m<sup>2</sup> og byggingarflötur er 765 m<sup>2</sup>.

### Helstu magnþölur eru:

Fyllingar	7.000 m <sup>3</sup>
Mótauppsláttur	3.000m <sup>2</sup>
Steypa	50m <sup>3</sup>
Stálvirki	5.100kg
Frágangur innveggja, málun o.fl..	1.200 m <sup>2</sup>
Frágangur útveggja, málun o.fl..	870 m <sup>2</sup>
Frágangur gólfa, flísar, dúkur o.fl..	700 m <sup>2</sup>
Frágangur þaks.	730 m <sup>2</sup>

Vakin er athygli á því að verkkaupi hyggst fá alþjóðlega umhverfisvottun samkvæmt BREEAM á nýbygginguna en slíkt vottunarferli tekur til margra þátta verktaka á byggingarstað.

Reykjavík, 19.03.2021  
Framkvæmdasýsla ríkisins

Nánari upplýsingar má finna á [www.utbodsvefur.is](http://www.utbodsvefur.is)

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík  
Sími 530 1400  
[www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is)

RÍKISKAUP



## AÐALFUNDUR

Skógræktarfélags Austur-Skaftafellssýslu boðar til aðalfundar **fimmtudaginn 8. apríl kl. 20:00** að Víkurbraut 4, efri hæð (salur Afls starfsgreinafélags)

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf  
Kaffi og bakkelsi í boði Stjórnar  
Nýir félagar velkomnir

Stjórnin

## BÆJARMÁLAFUNDUR

Sjálfstæðisfélagið auglýsir bæjarmálafund laugardaginn 27. mars kl. 11:00 í Sjallanum. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir og kaffi á könnunni.

Stjórnin

D



## Hafnarbraut – endurbætur 2021 – jarðvinna og lagnir

Sveitarfélagið Hornafjörður, hér eftir nefnt verkkaupi, óskar eftir tilboðum í verkið „Hafnarbraut – endurbætur 2021 – jarðvinna og lagnir“ eins og því er lýst í meðfylgjandi útboðsgögnum. Hér er um almennt útboð að ræða og lýtur þeim reglum sem um það gilda. Innifalið í tilboð skal vera allt það sem til þarf að ljúka verkinu eins og það er skilgreint í útboðsgögnum þessum.

### Lauslegt yfirlit yfir verkið

Útboð þetta felur í sér að koma fyrir nýjum fráveitu og neysluvatnslögnum frá nýjum brunnum á gatnamótum Hafnarbrautar og Víkurbrautar, úr 2. áfanga uppbyggingar fráveitu sem er þegar lokið, og að ráðhúsi sem stendur við Hafnarbraut 27 þar sem regnvatnslögn tengist núverandi brunni. Fyrir í hluta götunnar eru fráveitulagnir, vatnslagnir og niðurföll sem koma til með að leggjast af að stærstum hluta við framkvæmd þessa.

### Helstu verkþættir:

Um er að ræða að grafa fyrir lögnum, þ.e. skólplögnum og regnvatnslögnum, brunnum, sandföngum/niðurföllum og neysluvatnslögnum. Útvega lagnaefni, leggja lagnirnar, sanda kringum þær og fylla í lagnaskurð og jafna út fyllingu og ganga frá yfirborði undir jöfnunarlög undir malbik. Verkið inniheldur einnig rif og förgun á bundnu slitlagi og hellum í Hafnarbraut og gangstéttum meðfram henni og einnig rífi og förgun gamalla lagna, niðurfalla, brunna og annars sem getið er til í magnskrá.

### Útboðsgögn

Útboðsgögn, dagsett í mars 2021, og bera nafnið: Hafnarbraut – endurbætur 2021 – Jarðvinna og lagnir og sundurliðast eftirfarandi:

- Útboðslýsing gerð af Verkhof ehf. IST 30
- Teikningar 301, 302 og 303 og verklýsingar gerðar af Verkhof ehf.
- Tilboðseyðublað ásamt tilboðsskrá
- Teikningar 101, 102 og 111 af götu til hlíðsjónar gerðar af Eflu hf.

Útboðsgögn fást afhent rafrænt án endurgjalds frá og með þriðjudeginum 16. mars 2021, eftir klukkan 13:00 með því að senda tölvupóst á [bjorni@hornafjordur.is](mailto:bjorni@hornafjordur.is) og óska eftir því að fá send útboðsgögn í Hafnarbraut – endurbætur 2021 – Jarðvinna og lagnir Höfn Hornafirði. Þá verður fljótlega sendur hlekkur til baka á þann stað sem hægt verður að sækja gögnin. Vinsamlegast takið fram í viðfangsefni pósts „Hafnarbraut endurbætur 2021 útboðsgögn“.

### Skil og opnun tilboðs.

Tilboði skal skilað í lokuðu umslagi merktu bjóðanda og með eftirfarandi utanáskrift: Hafnarbraut – endurbætur 2021 – jarðvinna og lagnir Höfn Hornafirði, eigi síðar en fimmtudaginn **8. apríl 2021 kl. 14:00**. Tilboðum skal skilað á skrifstofu Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði og verða þau opnuð samtímis í fundarsal sveitarfélagsins á 3. hæð í viðurvist þeirra bjóðenda sem óska eftir að vera viðstaddir. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Tilboð eru bindandi í fimm vikur frá opunardeggi.

### Nánari upplýsingar veita:

*Björn Imsland, bjorni@hornafjordur.is sími 470-8014 eða 894-8413.*  
*Brynja Dögg Ingólfsdóttir brynja@hornafjordur.is sími 470-8003.*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## Styrktaráskrift Eystrahorns

Eystrahorn hefur verið gefið út frá því 1983 og hefur verið sent á hvert heimili í sveitarfélaginu, íbúum að kostnaðarlausu, undanfarin ár. Flestir eru sammála um að útgáfa sem þessi er mikilvægur þáttur í samfélaginu okkar. Útgáfan stendur oft mjög tæpt og gæti ekki staðið undir sér nema fyrir framlag fyrirtækja, stofnanna og einstaklinga á svæðinu.

Við óskum því eftir því að Hornfirðingar styrki útgáfu blaðsins t.d. með mánaðarlegu framlagi. Nýtt kerfi hefur verið sett upp á heimasíðu Eystrahorns þar sem hægt er að styrkja blaðið með auðveldum hætti með mánaðarlegum greiðslum. Hægt er að segja upp áskriftinni hvenær sem er. Þökkum þeim sem nú þegar styðja við útgáfuna.

### 1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns



[www.eystrahorn.is/styrktaraskrift](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift)

### 2 Veldu mánaðarlega upphæð



### 3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Pitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkir

✉ [eystrahorn@eystrahorn.is](mailto:eystrahorn@eystrahorn.is)

🌐 [www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)

☎ sími: 848-3933



## Handstöðunámskeið og Liðleika- og Kinstretchnámskeið

LAUGARDAGINN 27. MARS

Handstöðunámskeið frá kl.12:00-15:00

Liðleika og Kinstretch námskeið frá kl. 15:30-17:30

### HANDSTÖÐUNÁMSKEIÐ

Lærðu undirstöðuatriði handstöðunnar á þessu námskeiði.

Verð: 15.000 kr

### LIÐLEIKA- OG KINSTRETCHNÁMSKEIÐ

Kinstretch er æfingakerfi sem er notað um allan heim til þess að bæta hreyfigetu fólks.

Verð: 10.000 kr

Verð á bæði námskeið: 20.000 kr

Nánari upplýsingar á viðburðinum "Primal handstöðu og liðleikanámskeið á Höfn" á facebook.

Skráning á

<https://kinstretch.helgifreyr.is/namskeid-a-hofn/>

